

3 febr. '43

# Varasamar aðfinslur

**I** síðustu Útvarpstíðindum stendur, að kvöldið sem dr. Páll Eggert Ólason flutti erindi, hafi „bókstaflega ekkert dagskrárefni (verið) almenningu boðlegt“. Er þar einnig lastaður mjög flutningur dr. P. E. á erindi sínu. Þetta virðast mjer varasamar aðfinningar. Dr. P. E. flutti erindi sín skýrt og skilmerkilega, og laust við þær röngu áherslur sem of mörgum hættir við. Og þar sem um er að ræða annan eins afreksmann í fræðistarfi og dr. P. E., virðist mjög óheppilegt, að menn sjeu beinlinis hvattir til að hlusta ekki á hann, þegar hann lætur til sín heyra í Útvarpinu. Góð sagnfræði eða landfræðierindi, eru með því besta sem vjer getum fengið úr þeim stað, og það væri skritið, ef fýryerandi háskólaprófessor, sem vitanlega hefir mikla æfingu í að tala, og er einn af mikilhæfustu sagnfræðingum íslenskum, væri ekki þess verður að hluða á hann. Jeg fyrir mitt leyti hlustaði þakk samlega á þessi erindi sem hjer er vikið að, og óskaði þess, að fleiri höfundar hinnar fyrirhugðu miklu Íslendingasögu ljetu til sín heyra á sama stað.

16. Janúar.

Helgi Pjeturs.